

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
b.t. skrifstofu skattamála
sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 7. ágúst 2026.

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um lagasetningu um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009, mál S-116/2026.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar áform um lagasetningu um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009, mál S-116/2026, birt í Samráðsgátt 3. júlí sl. Samtökin gera athugasemd við að fresturinn hafi verið settur yfir júlímánuð og látinn renna út í fyrstu viku ágústmánaðar. Þótt mánuður sé undir eðlilegum kringumstæðum nægur tími til rýnis, þá gerir þessi tiltekna tímasetning það að verkum að samtökunum og félagsmönnum þeirra var verulega þröngur stakkur skorinn vegna sumarorlofa. Af þeim sökum hefur rýni á málinu verið takmarkaðri en ella og áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Samtökin fagna því að ráðist sé í heildstæða endurskoðun á lögnum og því samráði sem átt hefur sér stað milli stjórnvalda og atvinnulífs við undirbúning hennar. Markmið áformanna um einfaldari stjórnsýslu, aukinn fyrirsjáanleika og skýrari lagaumgjörð eru mikilvæg. Þá ganga ýmis fyrirhuguð atriði í rétta átt, meðal annars formleg kæruleið, lengri gildistími staðfestinga og heimild til að afgreiða umsóknir að hluta. Endanlegt mat samtakanna ræðst þó af útfærslu þessara atriða í endanlegu frumvarpi og eftir atvikum reglugerð.

Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar (R&B) eru eitt mikilvægasta tæki stjórnvalda til að stuðla að fjárfestingu í þekkingu og hugviti, aukinni framleiðni og uppbyggingu tækni- og hugverkaiðnaðar á Íslandi. Kerfið hefur átt mikilvægan þátt í vexti hugverkaiðnaðarins sem einnar af meginstoðum íslensks útflutnings. Samkvæmt greiningu SI ¹, [Hugvit til hagsældar](#), frá apríl 2026 námu útflutningstekjur greinarinnar 369 milljörðum króna árið 2025 og voru þá í fyrsta sinn meiri en útflutningstekjur sjávarútvegs. Velta greinarinnar var nær 700 milljarðar króna, ríflega 18 þúsund manns störfuðu innan hennar og skattspor hennar nam rúmlega 186 milljörðum króna árið 2024.

Áframhaldandi vöxtur hugverkaiðnaðarins er mikilvæg forsenda þess að markmið *Atvinnustefnu Íslands – Vaxtaráætlunar til 2035* (hér eftir „Atvinnustefna Íslands“) um aukna framleiðni, verðmætasköpun og bætt lífskjör náist. Ísland á í alþjóðlegri samkeppni um staðsetningu R&B-verkefna, höfuðstöðvar þekkingarfyrirtækja, sérfræðinga og fjármagn. Í þeirri samkeppni skiptir ekki aðeins fjárhæð stuðnings máli heldur einnig fyrirsjáanleiki, samfella, skýr afmörkun hæfs kostnaðar og skilvirk stjórnsýsla. Ef íslenska kerfið verður ófyrirsjáanlegra, þrengra eða stjórnsýslulega þyngra en sambærileg kerfi í ríkjum á borð við Írland, Bretland, Holland og Norðurlöndin getur það dregið úr fjárfestingu og hvata fyrirtækja til að byggja upp R&B-starfsemi hér á landi.

Við undirbúning umsagnarinnar áttu samtökin viðtækt samráð við aðildarfyrirtæki af ólíkri stærð og úr fjölbreyttum greinum tækni- og hugverkaiðnaðar, m.a. hugbúnaðarþróun, gervigreind, tölvuleikjagerð, heilsutækni, líftækni, lækningatækni, djúptækni og sérhæfðum iðnaði. Þótt rekstrarumhverfi, stærð og þróunarferlar fyrirtækjanna séu ólík er skýr samstaða um það meginatriði

¹ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Umfang-og-ahrif-tækni-og-hugverkaidnadar-14-04-2026.pdf

að endurskoðun laganna megji ekki veikja hvatningaráhrif kerfisins eða draga úr alþjóðlegri samkeppnishæfni þess.

Áformaskjalið felur í sér ýmis mikilvæg framfaraskref. Jafnframt vekja einstök atriði þess áhyggjur, m.a. varðandi árlegan fyrirsjáanleika stuðnings, afmörkun hæfs kostnaðar, aðkeypta og erlenda sérfræðipjónustu, eignarhald og nýtingu hugverkaréttinda, greiðsluform og stjórnsýslubyrði fyrirtækja. Við endanlega útfærslu frumvarpsins þarf að hafa að leiðarljósi að kerfið er lögbundinn og almennur hvati til aukinnar R&B-fjárfestingar, en ekki matskenndur styrktarsjóður. Reglurnar þurfa því að vera skýrar, hlutlægar og fyrirsjáanlegar og taka mið af raunverulegu starfsumhverfi fyrirtækja sem stunda rannsóknir og þróun.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu athugasemdum og tillögum SI í samræmi við efnisatriði áformaskjalsins.

1. Breyting á heiti laganna

SI styðja að heiti laganna verði breytt þannig að skýrt sé að kerfið nái til R&B-verkefna allra fyrirtækja, óháð aldri þeirra, stærð eða atvinnugrein. Heitið „lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki“ getur gefið til kynna að kerfið sé bundið við tiltekinn flokk ungra fyrirtækja sem stundi nýsköpun, þótt gildissvið þess sé í reynd víðtækara.

Samtökin leggja til að lögin beri heitið **lög um skattahvata vegna rannsókna- og þróunarverkefna fyrirtækja**. Hugtakið „skattahvati“ lýsir eðli kerfisins betur en almennt orðalag um „stuðning“ og undirstrikar að um er að ræða lögbundið, almennt og hlutlægt hvatakerfi en ekki matskenndan styrktarsjóð.

2. Markmið laganna

SI styðja að markmið laganna verði endurskoðað og skýrt að kerfið sé opið öllum fyrirtækjum sem stunda hæfa R&B-starfsemi. Samtökin styðja jafnframt að horft verði til þekkingaruppbyggingar, sérfræðistarfa og verðmætasköpunar á Íslandi.

Markmiðið má þó ekki útfæra með svo þröngum staðsetningar- eða eignarhaldsskilyrðum að það hindri alþjóðlegt samstarf, samstæðurekstur eða erlenda fjárfestingu. Alþjóðleg nýsköpunarverkefni byggja oft á dreifðri verkaskiptingu, sameiginlegum hugverkaréttindum og sérhæfðri þjónustu yfir landamæri.

SI leggja til að markmiðið verði að:

- hvetja til rannsókna og þróunar sem ella yrði ekki ráðist í, yrði minni að umfangi, tæki lengri tíma eða færi fram utan Íslands,
- auka R&B-fjárfestingu fyrirtækja á Íslandi,
- efla framleiðni, útflutning og alþjóðlega samkeppnishæfni,
- stuðla að uppbyggingu þekkingar, sérfræðistarfa og langtímaverðmætasköpunar hér á landi;
- tryggja fyrirsjáanlegt hvatakerfi,
- laða að og viðhalda alþjóðlegum R&B-verkefnum, sérfræðingum og fjárfestingu.

3. Umsóknarfrestur

Samtökin skilja þau sjónarmið að umsókn fyrir upphaf verkefnis geti styrkt hvatningaráhrif kerfisins. Félagsmenn hafa hins vegar bent á að krafa um að allar umsóknir liggi fyrir áður en rekstrarár hefst

samræmist illa raunverulegum rekstri fyrirtækja. Ný verkefni verða oft til á árinu vegna tæknilegra niðurstaðna, nýrrar fjármögnunar, samstarfstækifæra eða breyttra markaðsaðstæðna.

Samtökin leggja til að horfið verði frá stífum tímamörkum og tekin verði upp fljótandi umsóknargátt yfir allt árið. Þar yrði hægt að sækja um bæði vegna yfirstandandi og komandi verkefnaára, enda sýna svör félagsmanna að R&B verkefni verða til á ólíkum tímum og fylgja sjaldnast hefðbundnu almanaksári. Verði ekki talið unnt að taka upp slíkt fyrirkomulag leggja samtökin til að til vara verði sett upp tvíþætt leið sem bæði tryggir hvatningaráhrif kerfisins og dregur úr flöskuhálsum í afgreiðslu Rannís:

1. Aðalfrestur fyrir upphaf rekstrarárs þar sem samþykkt verkefni njóta stuðnings fyrir allt komandi ár og fyrirtæki geta fengið niðurstöðu áður en ráðist er í umtalsverðar fjárfestingar vegna verkefnisins.
2. Einföld fyrirframtilkynning og annar umsóknargluggi vegna nýrra verkefna sem verða til á rekstrarárinu. Seinni umsóknarfrestur gæti verið snemma árs, til dæmis í mars eða apríl, og myndi nýtast fyrirtækjum þar sem verkefni, samstarfstækifæri eða fjármögnun lágu ekki fyrir við áramót. Skýrt þarf að vera frá hvaða tímamarki stuðningur tekur gildi og tryggja að réttur fyrirtækis skerðist ekki vegna afgreiðslutíma stjórnvalda. Jafnframt mætti skoða hvort umsókn gæti, að beiðni umsækjanda, tekið til hæfs kostnaðar sem fallið hefur til fyrr á yfirstandandi ári, að því marki sem það samræmist EES-reglum um hvatningaráhrif.

Gildandi þriggja mánaða afgreiðslufrestur þarf jafnframt að verða raunhæft og mælanlegt þjónustuviðmið. Birta ætti reglulega upplýsingar um afgreiðslutíma og tryggja sérstaka réttarvernd ef fresturinn er farinn fram úr því viðmiði.

Samhliða breytingum á umsóknarfrestum þarf að endurskoða umsóknarkerfið sjálft. Fyrirtæki ættu að geta haldið utan um sameiginlegar grunnupplýsingar í einum stöðluðum fyrirtækjaprófil og endurnýtt þær á milli umsókna, í stað þess að skila sömu upplýsingum ítrekað. Jafnframt ætti að fækka spurningum og afmarka upplýsingakröfur betur við þau atriði sem ráða raunverulega mati á því hvort verkefni telst til rannsókna og þróunar. Slík útfærsla myndi bæta gæði umsókna, einfalda yfirferð Rannís og draga úr stjórnsýslubyrði beggja aðila.

Í þessu samhengi hvetja samtökin stjórnvöld til að skoða þann möguleika að taka upp einfaldari og fljótlegri málsmeðferð (e. fast-track) fyrir þau fyrirtæki sem sækja einungis um staðfestingu fyrir einu afmörkuðu R&B-verkefni yfir rekstrarárið. Slík einföldun myndi hlífa minni sprotafyrirtækjum við óparfa skrifinnsku og fækka flóknum matsferlum hjá Rannís.

4. Gildistími staðfestinga

SI styðja eindregið að staðfestingar geti gilt í tvö til þrjú ár að jafnaði og allt að fjögur ár þegar eðli verkefnis réttlætir það. Lengri gildistími dregur úr stjórnsýslubyrði og samræmist betur langtímaeðli R&B-verkefna í líftækni, heilbrigðistækni, lyfjabróun, djúptækni, gervigreind, hugbúnaði og sérhæfðum iðnaði.

Framvinduskýrsla ætti að vera einföld og áhættumiðuð. Hún ætti fyrst og fremst að staðfesta að verkefnið feli áfram í sér hæfa R&B-starfsemi og tæknilega óvissu. Fyrirtæki þurfa að hafa svigrúm til að breyta aðferðafræði, verkþáttum og tæknilegri nálgun án þess að þurfa sjálfkrafa að leggja fram nýja umsókn.

R&B verkefni eru í eðli sínu óvissuverkefni þar sem fyrirtæki þurfa oft að breyta um stefnu (e. pivot) á miðri leið. Ef stjórnvöld fella niður stuðning við það eitt að fyrirtæki breyti tæknilegri nálgun í takt við nýja þekkingu, er kerfið farið að refsa eðlilegri nýsköpun. Samtökin leggja því til að skýrar matsreglur gildi um slíkar breytingar á gildistíma verkefna:

- Tæknilegar breytingar og stefnubreytingar (e. pivots) skulu vera heimilar án nýrrar umsóknar svo lengi sem grunnmarkmið verkefnisins, tæknilega óvissan og R&B-eðli þess eru áfram til staðar.
- Fyrirtækjum sé gert skylt að tilkynna og rökstyðja verulegar stefnubreytingar í árlegri framvinduskýrslu.
- Nýrrar umsóknar verði aðeins krafist ef verkefnið breytist í grundvallaratriðum yfir í annað og ótengt verkefni, eða færist efnislega út fyrir skilgreiningu á R&B.

Afturköllun staðfestingar ætti að jafnaði að vera framvirk. Hún ætti aðeins að hafa afturvirk áhrif ef staðfesting byggðist á röngum eða villandi upplýsingum eða ef skilyrði laganna voru bersýnilega ekki uppfyllt.

5. Samræming skilgreininga við GBER

SI styðja að íslenskar skilgreiningar séu samræmdar gildandi EES-reglum og alþjóðlega viðurkenndum R&B-viðmiðum. Samræming og túlkun á reglunum má þó ekki ganga lengra en EES-skuldbindingar krefjast eða þrengja íslenska kerfið án sérstaks rökstuðnings og áhrifamats. Samtökin leggja áherslu á að innleiðing evrópskra reglna verði hófstíllt og að gætt verði varkárni gagnvart því að þrengja innlenda framkvæmd að öþörfu. GBER-reglugerðin setur lágmarks lagalegan grunn en veitir jafnframt svigrúm sem íslensk stjórnvöld ættu að nýta til að tryggja samkeppnishæfni tækni- og hugverkaiðnaðar á Íslandi.

Sömu lagalegu lágmarksskilyrði eiga að gilda um allar atvinnugreinar. Framkvæmd og mat á þeim þarf hins vegar að vera sveigjanlegt og taka mið af ólíku eðli verkefna. Hugbúnaðarþróun, gervigreind og tölvuleikjagerð verða til að mynda ekki metin á grundvelli sömu tæknilegu gagna og lyfjaþróun, líf- og djúptækni eða flókin þróun í hátækniiðnaði.

Í því skyni að tryggja fyrirsjáanleika, gagnsæi og réttaröryggi fyrirtækja leggja samtökin ríka áherslu á eftirfarandi atriði við framkvæmdina:

- Að matsviðmið Rannís séu fyllilega opinber, gagnsæ og aðgengileg öllum umsækjendum.
- Að gefnar verði út skýrar, greinabundnar leiðbeiningar og hagnýt dæmi til að auðvelda fyrirtækjum í ólíkum geirum skjalagerð.
- Að tryggð verði samræmd og fyrirsjáanleg stjórnsýsluframkvæmd milli ára, þannig að fyrirtæki geti treyst því að sambærileg verkefni fái sömu meðferð.
- Að tryggt verði að Rannís hafi aðgang að viðeigandi tæknilegri sérþekkingu úr atvinnulífinu við mat á flóknum umsóknum, sérstaklega á nýjum tæknisviðum.
- Að gerð verði krafa um ítarlegan stjórnsýslulegan rökstuðning í þeim tilvikum þegar niðurstaða stjórnvalda víkur frá fyrri framkvæmd í sambærilegu máli.

6. Fyrirtæki í fjárhagsvanda

SI leggja áherslu á að mat á því hvort fyrirtæki teljist í fjárhagsvanda miðist við raunverulega stöðu þess þegar ákvörðun um stuðning er tekin, að því marki sem það samræmist EES-reglum.

Endurskoðun GBER stendur yfir og tillaga um rýmri undanþágu fyrir tiltekin nýsköpunarfyrirtæki er ekki enn endanleg regla. Íslenska regluverkið ætti að geta tekið hratt mið af endanlegri niðurstöðu þegar viðkomandi ákvæði hefur verið samþykkt og tekið upp í EES-samninginn. Ekki ætti hins vegar að byggja lagatexta á óstaðfestum drögum.

Fyrirhuguð rýmkun aldursviðmiðs úr þremur árum í tíu ár væri mikilvæg framför verði hún samþykkt og tekin upp í EES-samninginn. Hún leysir þó ekki stöðu fyrirtækja sem stunda samfellda eða langvarandi R&B-starfsemi. Sú framkvæmd sem þróast hefur hjá Rannís hefur í reynd breytt þessu ákvæði úr nauðsynlegum varnagla gegn misnotkun opinberra sjóða yfir í sjálfvirkt útilokunarskilyrði fyrir fyrirtæki í R&B í eðlilegum þróunarfasa. Meginreglan á ávallt að vera sú að R&B-skattahvatakerfið sé verkefna miðað en ekki fyrirtækja miðað. Stuðningurinn á að ráðast af því hvort tiltekið verkefni uppfylli skilyrði um R&B, en ekki eingöngu af aldri eða sögulegri reikningsskilastöðu þess lögaðila sem sækir um.

Aldur fyrirtækis er afar veikur mælikvarði á það hvort uppsafnað tap endurspegli raunverulegan fjárhagsvanda eða eðlilega fjárfestingu í rannsóknum og þróun. Hjá fyrirtækjum með langan og fjármagnsfrekan þróunarferil, svo sem í djúptækni, lyfjaþróun, líftækni, heilbrigðistækni og grænni tækni, er uppsafnað tap eðlileg afleiðing starfseminnar en ekki vísbending um að hún sé ólífvænleg.

Að auki leiða gildandi reikningsskilareglur til þess að þróunarkostnaður er gjaldfærður strax í stað þess að vera eignfærður, sem rýrir bókfærða eiginfjárstöðu á pappír. Niðurstaðan er sú að tæknileg og bókhaldsleg nálgun, fremur en efnislegt mat á rekstrarhæfi, útilokar efnilegustu djúp- og hátæknifyrirtæki landsins frá lögmætum stuðningi.

Sérstaklega er varasamt þegar framkvæmd stjórnvalda byggir á tilviljanakenndum tímasetningum og eldri ársreikningum, án þess að litið sé til nýlegrar hlutafjáraukningar, tryggðrar fjármögnunar frá fagfjárfestum og lífeyrissjóðum eða raunverulegrar sjóðsstöðu fyrirtækja. Slík vinnubrögð vekja upp alvarleg stjórnsýsluleg álitæfni, m.a. með hliðsjón af meðalhófsreglu, kröfu um fyrirsjáanleika og réttmætum væntingum þeirra fyrirtækja sem eiga að geta reitt sig á lögbundin hvataúrræði.

SI leggja því ríka áherslu á að íslensk stjórnvöld nýti til fullu það svigrúm sem endanleg GBER-reglugerð mun veita og setji sérstakt svigrúm fyrir R&B-þung fyrirtæki með langan þróunarferil (jafnvel þótt fyrirtæki hafi náð 10 ára aldri) þar sem hægt er að sýna fram á eftirfarandi atriði:

- Verkefnið er háð klínískum prófunum, flóknum alþjóðlegum vottunum eða ströngu regluverk,
- tæknileg óvissa verkefnisins er enn veruleg og virk,
- vara eða þjónusta er ekki enn komin á markað, eða tekjur af henni eru óverulegar miðað við áfallinn þróunarkostnað,
- verkefnið byggir sannanlega upp nýja sérfræðipækkingu og verðmæt hugverk á Íslandi.

Versnandi fjárhagsstaða fyrirtækja á síðari stigum ætti aldrei að leiða til afturvirktrar niðurfellingar stuðnings vegna kostnaðar sem féll til þegar skilyrði voru uppfyllt. Einnig þarf að skýra hvaða einingar innan samstæðu sæta matinu og gæta þess að íslensk framkvæmd gangi ekki lengra en hugtak EES-réttar um sama fyrirtæki.

Til að bregðast við þessum alvarlega framkvæmdarvanda leggja samtökin til að 2. mgr. 2. gr. laga nr. 152/2009 verði breytt til samræmis við eftirfarandi tillögu:

„Við mat á því hvort umsækjandi teljist vera fyrirtæki í fjárhagsvanda skal fara fram heildstætt efnislegt mat á fjárhagsstöðu, fjármögnunarforsendum og rekstrarhæfi fyrirtækis. Slíkt mat skal ekki eingöngu byggjast á bókhaldslegri stöðu á staðfestingardegi, heldur einnig taka mið af tryggðri fjármögnun, sjóðsstöðu, rekstraráætlun og eðli og þróunarstigi nýsköpunarverkefnis.“

7. Afgreiðsla umsókna að hluta

SI styðja eindregið að Rannís verði heimilt að samþykkja afmarkaða verkþætti og kostnaðarliði þótt aðrir hlutar umsóknar uppfylli ekki skilyrði laganna. Það samræmist meðalhófi og getur komið í veg fyrir að ágreiningur um einn þátt leiði til höfnunar umsóknar í heild.

Ákvörðun um afgreiðslu að hluta þarf að:

- sundurliða hvað er samþykkt og hvað er fellt brott,
- tilgreina fjárhagsleg áhrif niðurstöðunnar,
- vera studd skýrum efnislegum rökum,
- vera kæránleg með sama hætti og endanleg höfnun á samþykki R&B.

Áður en umsókn er hafnað eða hún skert verulega ætti umsækjandi að fá raunhæfan frest til að bæta úr óljósri framsetningu, afmarka blandaða verkþætti eða leggja fram frekari gögn. Rannís ber ekki að endursemja umsókn fyrir fyrirtæki, en leiðbeiningarskylda og meðalhóf krefjast þess að unnt sé að bæta úr formlegum annmörkum.

Samtökin leggja hins vegar ríka áherslu á að hvers kyns nýjar skyldur og flóknara mat Rannís við afgreiðslu umsókna að hluta má aldrei leiða til þess að afgreiðslutími lengist eða að stjórnsýsluframkvæmdin lamist. Við gerð frumvarpsins og komandi fjárlaga verða stjórnvöld að tryggja Rannís fullnægjandi viðbótarfjármagn til að ráða sérhæft starfsfólk og fjölga stöðugildum til að mæta þessu aukna vinnuálagi.

Líkt og vikið er að í áformaskjalinu mun þessi breyting, ásamt flutningi umsóknarfrests og stofnun nýrrar kærunefndar, kalla á umtalsvert aukið álag á stofnunina. Ef nýjum og flóknari verkefnum er hlaðið á Rannís án þess að fylgja því eftir með tilheyrandi fjárveitingum, mun það leiða til alvarlegs dráttar á afgreiðslu sem mun skaða lausafjárstöðu og rekstrargrundvöll nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi.

8. Kæruleið og faglegt mat

SI fagna áformum um að koma á fót sjálfstæðri stjórnsýslukæruleið. Formleg og skilvirk kæruleið er nauðsynleg til að styrkja réttaröryggi umsækjenda, tryggja samræmi og traust á kerfinu.

Samtökin leggja áherslu á að kæruleiðin þurfi að vera:

- sjálfstæð gagnvart Rannís, jafnt í skipulagi og ákvarðanatöku,
- bundin skýrum afgreiðslufresti,
- full efnisleg endurskoðun ákvarðana en ekki aðeins forms- og málsmeðferðarathugun,
- studd lögfræði-, reikningsskila- og tækniþekkingu.

Sýna þarf sérstaka gát við skipun aðila í þá kæruleið er fyrir valinu verður og tryggja að hún verði ekki eingöngu skipuð út frá akademískum sjónarmiðum. SI leggja ríka áherslu á að í nefndinni sitji fulltrúar með hagnýta reynslu af rekstri og fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja, ásamt víðtækri fagþekkingu á alþjóðlegum R&B-verkefnum. Nýsköpun í hátækniðnaði lýtur til dæmis allt öðrum lögmálum en fræðilegar háskólarannsóknir. Eigi kæruleiðin að verða raunveruleg réttarbót verða nefndarmenn að skilja viðskiptalegan raunveruleika nýsköpunarumhverfisins.

9. Birting og söfnun tölfræðiupplýsinga

SI styðja varanlega og samræmda gagnaöflun um framkvæmd og áhrif kerfisins. Vönduð gagnaöflun og gagnsæi getur bætt stefnumótun, auðveldað alþjóðlegan samanburð og sýnt fram á það með óyggjandi hætti hvort stuðningurinn leiði til viðbótarfjárfestinga í R&B.

Gagnasöfnunin og úrvinnsla hennar verður hins vegar að fara fram á grundvelli lögmætis og meðalhófs. Hún má ekki leiða til aukinnar stjórnsýslubyrði fyrir nýsköpunarfyrirtæki yfir árið. Gagnasöfnunin þarf því að byggjast á skýrum lagaákvæðum um tilgang, aðgang, varðveislutíma og miðlun gagna.

Samtökin leggja ríka áherslu á að vernd hugverka- og viðskiptahagsmuna sé ávallt tryggð. Upplýsingar sem safnað er mega aldrei skaða samkeppnisstöðu fyrirtækja og gæta verður fyllsta trúnaðar um viðskiptaleyndarmál, tæknilýsingar, óbirtar uppfinningar (einkaleyfi í vinnslu) og viðkvæmar samstæðuupplýsingar.

Árangur kerfisins ætti meðal annars að meta út frá:

- viðbótar-R&B-fjárfestingu fyrirtækja,
- sérfræðistörfum, framleiðni og launum,
- útflutningi og erlendum fjárfestingum,
- áhrifum á staðsetningu R&B-verkefna,
- aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- dreifingu eftir atvinnugreinum, stærð fyrirtækja og landshlutum,
- afgreiðslutíma, stjórnsýslukostnaði og niðurstöðum kæra.

Að lokum ítreka samtökin að árangurslaus R&B-verkefni mega ekki sjálfkrafa teljast merki um misnotkun eða leiða til sjálfvirks endurmats á styrkhæfi. Hluti af eðli og skilgreiningu raunverulegrar R&B-starfsemi samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum (s.s. Frascati-handbókinni) er tæknileg óvissa og sá möguleiki að tilætluðum árangri eða tæknilegum markmiðum verði ekki náð.

10. Eignarhald og hugverkaréttindi

SI leggja áherslu á að formlegt eignarhald hugverkaréttinda ráði ekki eitt og sér rétti til stuðnings. Slíkt skilyrði myndi geta útilokað íslensk félög innan alþjóðlegra samstæðna og fyrirtæki sem hafa þurft að semja um IP-fyrirkomulag til að afla erlends fjármagns.

Meginviðmið eiga að vera hvort umsækjandi:

- annist eða stjórnir hæfri R&B-starfsemi hér á landi;
- beri raunverulega fjárhagslega og tæknilega áhættu;
- hafi samningsbundinn rétt til að nýta niðurstöður eða fá endurgjald fyrir vinnuna;
- beri rekjanlegan kostnað vegna verkefnisins;
- geti sýnt fram á að sami kostnaður sé ekki talinn fram oftari en einu sinni.

Reglurnar þurfa að koma í veg fyrir tvítalningu og málamyndafyrirkomulag en mega ekki hindra eðlilegt samstæðusamstarf eða erlenda fjárfestingu. Í evrópsku samhengi er mikilvægt að Ísland setji ekki þrengri IP-skilyrði en samkeppnisríki á borð við Írland og Norðurlöndin.

Samhliða þessu leggja samtökin ríka áherslu á að lagaramminn verði uppfærður til að styðja með virkum hætti við verndun þeirra hugverka sem verða til yfir rekstrarárið. Til þess að íslenskt nýsköpunarumhverfi sé samkeppnishæft við nágrannalöndin, þarf að breyta lögunum þannig að einkaleyfi og allur kostnaður við að afla, staðfesta og verja einkaleyfi (e. *patent filing, acquisition and defense costs*) verði R&B endurgreiðsluhæfur.

Sérstaklega í djúptækni, líftækni og hátækniðnaði eru einkaleyfi sjálf lífæð fyrirtækjanna og forsenda þess að þau geti laðað að sér erlent áhættufjármagn. Ríkisaðstoðarreglur EES (GBER, t.d. 28. gr.) heimila beinlínis stuðning við öflun og verndun einkaleyfa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Það skapar því óþarfa samkeppnisbrest og rýrir virði kerfisins að íslensk nýsköpunarfyrirtæki þurfi að bera þennan gríðarlega kostnað að fullu sjálf, á sama tíma og erlendir keppinautar njóta skattalegra hvata vegna einkaleyfaöflunar.

11. Styrkhæfur kostnaður og aðkeypt þjónusta

SI styðja að reglur um styrkhæfan kostnað verði skýrari og að gerð verði krafa um rekjanleg tengsl kostnaðar við staðfest verkefni. Samtökin leggjast hins vegar gegn almennu brottfalli kostnaðarflokka eingöngu í þágu einfaldari stjórnsýslu.

Húsaleiga, fyrningar, sérhæfð tæki, prófunarumhverfi, hugbúnaðarleyfi, skýjaþjónusta og reikniafl eiga að vera hæf að því marki sem notkun þeirra er rekjanleg til verkefnisins. Heimila má einfaldaða útreikninga vegna óbeins kostnaðar, en fyrirtæki ættu einnig að geta sýnt fram á raunverulegan kostnað ef staðlað hlutfall endurspeglar ekki starfsemina.

Varðandi sameiginlegan stjórnunar- og stoðeildakostnað (s.s. vegna forstjóra og/eða yfirstjórnar, fjármálasviðs eða HR) leggja samtökin til að tekinn verði upp einfaldur og fljótlegur valkostur (e. *safe harbour*) þar sem fyrirtækjum sé heimilt að telja fram staðlað hlutfall af beinum R&B-launakostnaði, sem sameiginlegan kostnað án ítarlegrar skjalakröfu. Slíkt fyrirkomulag myndi draga verulega úr stjórnsýslubyrði minni fyrirtækja, þar sem forstjóri og lykilstarfsmenn sinna oft mörgum ólíkum hlutverkum samtímis á fyrstu stigum þróunar. Þetta ætti þó ekki að vera algjört hámark ef fyrirtæki getur sýnt fram á sannanlega meiri beina þátttöku stjórnenda í sjálfu R&B-verkefninu.

Samtökin leggjast sérstaklega gegn almennu banni eða þröngu hlutfallspaki á erlenda aðkeypta R&B-þjónustu. Sérstaklega er mótmælt hugmyndum um stíft 80% hámarkshlutfall á aðkeypta þjónustu. Slíkt hámark endurspeglar alls ekki eðli djúptækniverkefna, t.d. í lyfja-, líf- og lækningatækni, þar sem alþjóðlegar reglugerðir gera oft beinlínis kröfu um að ákveðnir verkþættir séu framkvæmdir af óháðum og vottuðum þriðja aðila.

Í þessum greinum er óhjákvæmilegt að nýta sérhæfðar erlendar rannsóknarstofur eða svokallaða CRO-aðila (e. *Contract Research Organization*) fyrir mikilvæga verkþætti á borð við:

- GLP-eiturefnaþættir (prófanir á öryggi efna),
- GMP CMC-framleiðslu og gæðaeftirlit lyfja fyrir rannsóknir,
- Lífefnaþættir (greiningu á lífsýnum, e. *bioanalytical analysis*),
- Klínískar rannsóknir samkvæmt GCP-reglum (rannsóknir á mönnum).

Þótt þessi vinna fari fram utan veggja fyrirtækisins, er hún alls ekki „útivistun“ í hefðbundnum skilningi. Hún er hönnuð, stýrð og á ábyrgð nýsköpunarfyrirtækisins sjálfs, byggir á hugverkarétti

Þess og er órjúfanlegur hluti af virðissköpuninni. Að takmarka þennan kostnað mun rýra samkeppnishæfni íslenskra djúptækniyrirtækja sem verða að sækja þessa sérhæfðu innviði erlendis, þar sem þeir eru einfaldlega ekki til staðar hér á landi.

SI telja því nauðsynlegt að í lögum eða greinargerð verði gerður skýr greinarmunur á tvennu, til samræmis við alþjóðlegar fyrirmyndir (s.s. hjá European Innovation Council - EIC):

1. **Sjálfstæðri útivistun (e. subcontracting):** Þar sem heill verkþáttur er falinn ytri aðila með sjálfstæðri ábyrgð.
2. **Beinum R&D-kostnaði vegna aðkeyptar vinnu (e. other direct costs):** Þar sem ytri þjónusta er framkvæmdarhluti innan verkþáttar sem fyrirtækið leiðir sjálft, en hefur ekki eða má ekki hafa innviði til að framkvæma innanhúss.

Lykilviðmiðið á ávallt að vera hvar hugverkið verður til og hver ber stjórnunarlega og faglega ábyrgð á verkefninu, fremur en hvar vinnan er líkamlega framkvæmd eða hvert kostnaðarhlutfallið er á pappír. Samtökin hvetja til þess að þessi evrópska nálgun verði lögfest til að tryggja að verðmæt nýsköpun flosni ekki upp eða flytjist úr landi vegna stjórnsýslulegrar túlkunaróvissu.

Samtökin benda jafnframt á það áformaða ákvæði að undanþága fyrir aðkeypta þjónustu byggist eingöngu á því að þjónusta sé „ekki tiltæk hér á landi“ er of þröng og ófyrirsjáanleg í framkvæmd. Fyrirtæki ætti þess í stað að þurfa að sýna fram á:

- beina og nauðsynlega tengingu þjónustunnar við verkefnið,
- málefnalega tæknilega eða viðskiptalega ástæðu fyrir kaupunum,
- stjórn og faglega ábyrgð á verkefninu,
- armslengdarkjör og rekjanleika kostnaðar,
- rétt til að nýta niðurstöður þjónustunnar.

Samtökin taka undir mikilvægi þess að tryggja ábyrga meðferð opinberra fjármuna, en benda á að íslenska nýsköpunarvistkerfið skortir þá stærðargráðu og sérhæfðu rannsóknarinnviði sem Danmörk og Noregur búa að. Það stríðir gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar að herða innlenda framkvæmd að norrænni fyrirmynd án þess að taka tillit til þess að íslensk hátækniyrirtæki verða oft að sækja nauðsynlega prófunar-, vottunar- og tilraunaþjónustu til erlendra CRO-aðila. Þá er brýnt að huga að því að takmarkanir á þjónustukaupum innan EES geta falið í sér tálmanir á frjálsu flæði þjónustu. Slíkar ráðstafanir kalla á sjálfstætt lögfræðilegt mat á samræmi þeirra við EES-rétt.

12. Form stuðnings og kostnaðarþak

Stór hluti félagsmanna SI leggja áherslu á að endurgreiðanlegur tekjuskattsfrádráttur verði áfram meginstoð kerfisins. Sú leið nær bæði til fyrirtækja í hagnaði og fyrirtækja í tapi og er því sérstaklega mikilvæg á áhættusömu þróunarskeiði. Fyrir vikið leggst mikill meirihluti félagsmanna samtakanna gegn grundvallarbreytingum á þessari meginstoð, sem hefur reynst afar vel og stuðlað að öflugri uppbyggingu hugverkaiðnaðar á Íslandi.

Hins vegar hafa launabúning fyrirtæki innan samtakanna bent á að fyrir mörg fyrirtæki í R&D skiptir sjóðstreymi og tímasetning greiðslunnar meira máli en bókhaldslegur stuðningur seint á næsta ári. Eins og staðan er nú þurfa fyrirtæki oft að fjármagna þróunarkostnað með dýrum brúarlánum á meðan beðið er eftir endurgreiðslu frá ríkinu, sem eykur verulega rekstraráhættu og lækkar raunvirði stuðningsins í núverandi hávaxtaumhverfi.

Til að koma til móts við þessi ólíku sjónarmið hvetja samtökin stjórnvöld til að láta fara fram greiningu á valkvæðri launahliðarleið (e. *payroll-tax offset*). Í því fælist að bjóða fyrirtækjum valkvæða fyrirframgreiðslu þar sem hluti áætlaðs stuðnings kæmi mánaðarlega eða ársfjórðungslega til frádráttar tryggingagjaldi eða staðgreiðslu R&B-starfsmanna, með endanlegu árlegu uppgjöri. Slík valkvæð leið gæti byggt á farsælli reynslu Svíþjóðar og Hollands (sbr. hið svokallaða WBSO-kerfi) og bætt lausafjárstöðu launþunga fyrirtækja verulega, án þess að draga úr stuðningi við önnur fyrirtæki. Meginreglan verður þó ávallt að vera sú að slík útfærsla sé fyllilega valkvæð; hún má hvorki koma í stað núverandi endurgreiðanlega tekjuskattkerfisins né útiloka annan hæfan kostnað en laun fyrir þá sem kjósa að fylgja almennu leiðinni.

Slík breyting á greiðsluformi má ekki leiða til lækkunar á raunvirði eða heildarumfangi hvatans fyrir viðkomandi fyrirtæki. Beinir styrkir geta stutt afmörkuð stefnumarkmið en eiga að vera viðbót við almenna skattahvatann, ekki staðgengill hans.

Í áformaskjalinu og fylgigögnum er vísað til þess að skoða þurfi „þak á útgjöld“. Samtökin leggja eindregið gegn hvers kyns hugmyndum um að setja heildarþak á heildarútgjöld ríkissjóðs til R&B-kerfisins. Slíkt fyrirkomulag myndi eyðileggja þann fyrirsjáanleika sem er forsenda þess að fyrirtæki og fjárfestar þori að ráðast í langtímaverkefni á Íslandi.

Samtökin leggja áherslu á að nógildandi fjárhæðarþaki (1.100 m.kr. á hvert fyrirtæki) verði haldið óbreyttu og varið gegn hvers kyns lækkun eða skerðingum. Að viðhalda þessari umgjörð óbreyttri er lágmarksforsenda þess að tryggja nauðsynlegan stöðugleika og traust á kerfinu til framtíðar.

13. Samstarfsverkefni

Samstarfsverkefni eru þegar heimil samkvæmt 7. gr. laganna, en samkvæmt ákvæðinu geta tvö eða fleiri ótengd fyrirtæki staðið saman að R&B verkefni. Samtökin telja mikilvægt að þessi heimild verði varðveitt og efld. Samtökin vilja koma á framfæri, í kjölfar samtala við félagsmenn, að heimildin í lögum sé ekki nægilega sýnileg og að framkvæmd hennar sé óskýr. SI leggja því til að skýrt verði í lögum, reglugerð og leiðbeiningum hvernig samstarfsverkefni skuli útfærð og að Rannís kynni þennan möguleika með virkum hætti fyrir fyrirtækjum.

Leiðbeiningar þurfa meðal annars að skýra:

- hverjir geti verið formlegir þátttakendur í samstarfsverkefni,
- hvernig umsókn og framvinduskýrslum skuli háttað,
- hvernig kostnaður, ábyrgð og verkþættir skiptist milli þátttakenda,
- hvernig komið verði í veg fyrir tvítalningu kostnaðar,
- hvernig kostnaðarþök og stuðningshlutföll gildi um hvern þátttakanda,
- hvaða áhrif það hafi ef einn samstarfsaðili hættir þátttöku eða uppfyllir ekki lengur skilyrði laganna,
- hvernig réttindum til niðurstaðna og hugverkaréttinda skuli háttað,
- og hvernig skattahvatinn spili saman við styrki úr öðrum opinberum stuðningsúrræðum.

Hvert fyrirtæki ætti að sækja um vegna eigin kostnaðar, fjárhagslegrar áhættu og verkþátta. Samstarfsaðilar ættu ekki að bera sameiginlega ábyrgð á kostnaði, upplýsingum eða háttsemi annarra þátttakenda nema slíkt leiði með skýrum hætti af samstarfssamningi eða verkefnaskipulagi.

Gera þarf skýran greinarmun á virku samstarfi annars vegar og aðkeyptri þjónustu hins vegar. Samstarfsverkefni ættu ekki að þurfa að deila einu sameiginlegu kostnaðarpaki þannig að þátttaka fleiri fyrirtækja dragi úr hvata hvers þeirra.

Samtökin leggja jafnframt til að kannað verði hvort og með hvaða hætti heimildin geti tekið til formlegs samstarfs fyrirtækja við háskóla og rannsóknarstofnanir, innan þess svigrúms sem reglur EES um ríkisaðstoð heimila. Sveigjanlegt og hvetjandi umhverfi til samstarfs er mikilvæg forsenda þess að ná markmiðum Atvinnustefnu Íslands um aukna þekkingaruppbyggingu, framleiðni og verðmætasköpun.


Lokaorð

Samtökin leggja ríka áherslu á að skattahvatar vegna R&B eru ekki styrkur eða framlag á gjaldahlið ríkissjóðs, heldur markaðsdrifinn og almennur hvati sem laðar fram einkafjárfestingu sem ella yrði ekki ráðist í. Allar breytingar á lögunum verða því að hafa það að meginmarkmiði að verja og efla hvatann en ekki þrengja kerfið í þágu einfaldari stjórnsýslu og aukins eftirlits.

Ísland þarf á áframhaldandi kröftugum vexti tækni- og hugverkaiðnaðar að halda til að tryggja framleiðni og hagsæld til framtíðar. Samtökin lýsa yfir fullum vilja til áframhaldandi samstarfs og samtals við starfshóp á vegum annars vegar fjármála- og efnahagsráðuneytisins og hins vegar menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins um heildarendurskoðun laganna við nánari útfærslu frumvarpsins og afleiddra reglugerða.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins



Erla Tinna Stefánsdóttir

viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI